

Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 55/2011 vegna kvörtunar um seinkun á flugi AEU902 25. september 2010

I. Erindi

Þann 13. apríl sl. barst Flugmálastjórn Íslands (FMS) kvörtun frá A. Í kvörtuninni kemur fram að kvartandi hafi átt bókað far með flugi Iceland Express (IE) AEU902 frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur kl. 12:55 þann 25. september 2010. Vegna vélarbilunar seinkað brottför flugsins en farþegar sátu í um 1,5 klst. í flugvélinni áður en þau fengu að fara frá borði. Litlar upplýsingar var að fá um stöðu flugsins en farþegar fengu tvívegis afhentar 100 DKR ávísanir fyrir hressingum. Raunbrottför flugs AEU902 var um kl. 23:00 þann 25. september en á leiðinni til Keflavíkur var millilent í Bretlandi en ástæða þess var sögð su að skipta þyrfti um flugmenn. Koma til Keflavíkur var um 12 klukkustundum síðar en upphafleg áætlun sagði til um. Gerir kvartandi kröfu um greiðslu skaðabóta vegna seinkunarinnar.

II. Málavextir og bréfaskipti

Flugmálastjórn sendi IE framangreinda kvörtun til umsagnar með tölvupósti þann 19. apríl sl. og var beiðni um umsögn ítrekuð dags. 27. maí sl. og 28. júní sl. með lokafrestur til umsagnar. Við umsagnarbeiðnum var ekki brugðist og með tölvupósti FMS þann 2. ágúst sl. var IE tilkynnt að ákvörðunar væri að vænta í málinu byggð á fyrirliggjandi upplýsingum. Með tölvupósti dags 4. ágúst sl. var kvartanda tilkynnt um að málid væri tekið til ákvörðunar. Í tölvupósti B, hdl., dags. 4. ágúst sl. kom fram að umsögn félagins bærist FMS degi síðar. Engin umsögn hefur borist.

III. Forsendur og niðurstaða Flugmálastjórnar Íslands

Neytendur flugþjónustu eða aðrir sem hagsmunu hafa að gæta sem telja að flugrekandi, flytjandi, ferðaskrifstofa eða umboðsmaður framangreindra aðila hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum um loftferðir nr. 60/1998 eða reglugerðum settum á grundvelli þeirra geta beint kvörtun til Flugmálastjórnar Íslands, sbr. 1. mgr. 126. gr. c. loftferðarlaga. Stofnunin tekur málid til skoðunar í samræmi við ákvæði laganna og stjórnsýslulaga og sker úr ágreiningi með ákvörðun, sbr. 3. mgr. 126. gr. c og 140. gr. loftferðalaga, ef hann verður ekki jafnaður með öðrum hætti. Sú ákvörðun er bindandi fyrir flugrekandann.

Um réttindi farþega vegna seinkunar á flugi er fjallað um í reglugerð EB nr. 261/2004, um sameiginlegar reglur um skaðabætur og aðstoð til handa farþegum sem neitað er um far og þegar flugi er aflýst eða mikil seinkun verður, sem var innleidd hér á landi með reglugerð nr. 574/2005. Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 574/2005 er Flugmálastjórn Íslands sá aðili sem ber ábyrgð á framkvæmd reglugerðarinnar samanber 16. gr. reglugerðar nr. 261/2004/EB.

Um seinkun á flugi og þá aðstoð sem flugrekandi skal veita í slíkum tilvikum er fjallað um í 6. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004. Þar kemur hins vegar ekki fram með skýrum hætti að flugrekandi skuli greiða bætur skv. 7. gr. reglugerðarinnar vegna tafa eða seinkunar eins og átt getur við þegar flugi er aflýst sbr. 5. gr. reglugerðarinnar. Með dómi Evrópusudómstólsins frá 19. nóvember 2009, í sameinuðum málum C-402/07 og C-432/07, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að túlka bæri reglugerð nr. 261/2004 með þeim hætti að farþegar sem verða fyrir seinkun á flugi sínu sbr. 6 gr. reglugerðarinnar, eigi að fá sömu meðferð og farþegar flugs sem er aflýst sbr. 5. gr. Af þessu leiðir að allir farþegar sem verða fyrir þriggja tíma seinkun á flugi sínu eða meira, og koma á ákvörðunarstað þremur tímum síðar eða meira en upprunalega áætlun flugrekendans kvað á um, geta átt rétt á bótum skv. 7. gr., nema flugrekandi geti sýnt fram á að töfin hafi verið vegna óviðráðanlegra aðstæðna sbr. 3. mgr. 5 gr.

Reglugerð EB nr. 261/2004 er ætlað að tryggja ríka vernd fyrir farþega sem neytendur flugþjónustu. Meginreglan er sú að farþegar eiga rétt til skaðabóta skv. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sé flugi aflýst, sbr. c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar eða ef um mikla seinkun er að ræða. Í 3. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar segir að flugrekanda beri ekki skylda til að greiða skaðabætur í samræmi við 7. gr. ef hann getur fært sönnur á að flugi hafi verið aflýst af völdum óviðráðanlegra aðstæðna sem ekki hefði verið hægt að afstýra jafnvel þótt gerðar hefðu verið allar nauðsynlegar ráðstafanir. Er hér um að ræða undantekningu frá framangreindri meginreglu sem túlka verður þróngt svo sem fram kemur í domi Evrópusudómstólsins frá 22. desember 2008, í máli *C-549/07 Friederike Wallentin-Hermann v Alitalia*, sbr. 20. málgrein dómsins. Ber flugrekandi hallann af sönnunarskorti.

Fyrir liggur að seinkun á brottför flugs AEU902 frá Kaupmannahöfn til Keflavíkur þann 25. september sl. nam um 12 klukkustundum. Sjónarmið Iceland Express vegna málsins bárust ekki þrátt fyrir ítrekuð tækifæri. Af hálfu IE hefur ekki verið sýnt fram á að hin mikla seinkun á flugi AEU902 í umrætt skipti hafi stafað af óviðráðanlegum aðstæðum í skilningi 3. mgr. 5. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 er leyst geti flugrekanda frá skyldu til að greiða skaðabætur samkvæmt 7. gr. reglugerðarinnar. Skal Iceland Express greiða kvartanda skaðabætur að fjárhæð 400 evrur vegna seinkunar á fluginu skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 574/2005.

Ákvörðunarorð

Iceland Express skal greiða kvartanda bætur að upphæð 400 evrur skv. b-lið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar EB nr. 261/2004 sbr. reglugerð nr. 574/2005.

Ákvörðun þessi er kæranleg til innanríkisráðuneytis skv. 3. mgr. 126. gr. c loftferðalaga nr. 60/1998 og 10. gr. laga nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands. Kæra skal berast ráðuneytinu innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi var tilkynnt um ákvörðun þessa.

Reykjavík, 8. ágúst 2011